

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Selfoss.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Hitaveitu Selfoss, er taki gildi 1. júlí 1991:

Gjaldskrá Hitaveitu Selfoss, nr. 25, 17. janúar 1990:

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 5,0%
nema taxti fyrir „endurofnun“ sem lækkar og verður kr. 1 300,00 og taxti fyrir „sérstakan álestur“ sem lækkar og verður kr. 520,00.

Iðnaðarráðuneytið, 28. júní 1991.

F. h. r.

Árni Þ. Arnason.

Guðrún Skúladóttir.

REGLUGERÐ

um bann við netaveiðum fiskiskipa 1. júlí – 15. ágúst 1991.

1. gr.

Á tímabilinu frá og með 1. júlí 1991 til og með 15. ágúst 1991 eru allar þorskfisknetveiðar bannaðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 28. júní 1991.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.